

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-maí 2010

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu fimm mánuði ársins 2010 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 32,9 ma.kr. sem er 7 ma.kr. betri staða en á síðasta ári. Tekjuafkoma rekstrar er svipuð og í fyrra en afkoman batnar þar sem viðskiptahreyfingar eru jákvæðar á árinu um tæplega 5 ma.kr., sem einkum skýrist af innborgunum vegna endurskipulagningar á bankakerfinu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-maí 2006-2010

	Í milljónum króna				
	2006	2007	2008	2009	2010
Innheimtar tekjur	155.065	187.540	194.465	172.135	175.092
Greidd gjöld	126.171	146.007	159.083	209.123	212.715
Tekjujöfnuður	28.894	41.533	35.382	-36.989	-37.623
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-39	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	-613	-8.960	-5.455	-2.720	4.700
Handbært fé frá rekstri	28.281	32.573	29.889	-39.709	-32.923
Fjármunahreyfingar	-2.428	-71.958	-2.351	8.110	-9.027
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	25.853	-39.385	27.538	-31.599	-41.950
Afborganir lána	-38.104	-31.917	-16.341	-1.337	-72.037
Innanlands	-15.231	-20.808	-676	-1.345	-72.037
Erlendis	-22.873	-11.109	-15.665	-	-
Greiðslur til LSR og LH	-1.650	-1.650	-1.650	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-13.901	-72.952	9.547	-32.944	-113.987
Lántökur	11.010	46.452	9.233	81.773	89.447
Innanlands	2.910	42.061	9.233	74.721	95.046
Erlendis	8.100	4.391	-	7.052	-5.599
Breyting á handbæru fé	-2.890	-26.500	18.780	48.829	-24.540

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 175,1 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 1,5 ma.kr. meiri tekjur en á sama tíma í fyrra. Áætlun fjárlaga gerði hins vegar ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu 180,8 ma.kr. og eru þær því 5,7 ma.kr. undir áætlun. Munar þar mest um minni tekjuskatt einstaklinga en gert hafði verið ráð fyrir sem og minni óbeina skatta. Innheimtar tekjur í maímánuði einum námu 27,9 ma.kr. sem er 7,3 ma.kr. hærri tekjur en á sama tíma í fyrra enda hefur verið ráðist í þó nokkuð margar aðgerðir með það að markmiði að hækka tekjurnar.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 161 ma.kr. í janúar-maí, sem er 7,9% hækkun að nafnvirði á milli ára. Staðgreiðsla á tekjuskatti og útsvari nam 63,4 ma.kr. samtals í febrúar-maí og er það 2,7 ma.kr. hærri staðgreiðsla en á sama tíma árið 2009. Þar af rann sem

tekjuskattur í ríkissjóð 30,3 ma.kr. miðað við 27,3 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hér er um að ræða skil á tekjuskatti og útsvari í staðgreiðslukerfinu af launum fyrstu fjögurra mánaða ársins sem eru fyrstu launamánuðirnir eftir kerfisbreytinguna um sl. áramót þegar tekið var upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi.¹ Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga námu alls 39,4 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og er það aukning um 8,9% frá sama tíma í fyrra. Hér er að langmestu leyti um að ræða staðgreiðslu af launum desember-apríl en auk þess námu innheimtar eftirhreytum fyrri tíma um 800 m.kr. Tekjuskattur lögaðila nam 5,1 ma.kr. sem er samdráttur upp á 26,5%. Þá skilaði fjármagnstekjuskattur 20,4 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins en í áætlun var reiknað með 20,9 ma.kr. Nú hefur verið skilað fjármagnstekjuskatti í staðgreiðslukerfinu af fjármagnstekjum 4. fjórðungs 2009 og 1. fjórðungs 2010, og minna má á að þar sem ársfjórðungsskilin voru tekin upp á miðju sl. ári eru innheimtutölur janúar-maí ekki sambærilegar við fyrra ár. Innheimta eignarskatta var 1,8 ma.kr. og dróst saman um 14,1% frá fyrra ári, þar af námu stimpilgjöld 1 ma.kr. sem er samdráttur upp á 21%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-maí 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Skatttekjur og tryggingagjöld	178.769	149.181	161.003	6,9	-16,6	7,9
Skattar á tekjur og hagnað	74.396	71.312	64.855	11,4	-4,1	-9,1
Tekjuskattur einstaklinga	38.520	36.215	39.431	4,9	-6,0	8,9
Tekjuskattur lögaðila	10.059	6.893	5.065	8,0	-31,5	-26,5
Skattur á fjármagnstekjur	25.816	28.203	20.359	24,3	9,2	-27,8
Eignarskattar	3.599	2.094	1.799	-21,0	-41,8	-14,1
Skattar á vöru og þjónustu	79.804	57.396	66.793	3,9	-28,1	16,4
Virðisaukaskattur	56.911	38.821	44.602	3,2	-31,8	14,9
Vörugjöld af ökutækjum	4.658	449	498	28,3	-90,4	10,9
Vörugjöld af bensíni	3.547	3.906	4.283	-3,2	10,1	9,6
Skattar á olíu	2.971	2.632	2.683	5,6	-11,4	2,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	4.581	4.966	5.380	1,2	8,4	8,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	7.136	6.624	9.348	1,5	-7,2	41,1
Tollar og aðflutningsgjöld	2.852	1.938	2.342	29,0	-32,0	20,8
Aðrir skattar	951	1.161	1.546	124,4	22,1	33,1
Tryggingagjöld	17.168	15.279	23.668	4,9	-11,0	54,9
Fjárframlög	207	239	200	-54,0	15,7	-16,3
Aðrar tekjur	13.304	23.908	13.688	4,5	79,7	-42,7
Sala eigna	2.185	340	201	-	-	-
Tekjur alls	194.465	173.669	175.092	3,9	-10,7	0,8

Innheimta almennra veltuskatta nam 66,8 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins sem er 16,4% nafnaukning. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal er aukningin töluvert umfram almenna verðlagshækkun eða 16,7% (sjá mynd). Þess ber þó að gæta að hér er um að

¹ Skatthlutfallið í staðgreiðslu á árinu 2009 var 37,2% (almennt þrep) og á seinni helmingi ársins var bætt við 45,2% hátekjuprepi (37,2% + 8% á tekjur fyrir ofan ákveðin mörk). Á þessu ári eru þrepin þrjú; 37,22%, 40,12% og 46,12%.

ræða aukningu innheimtunnar en ekki mælingu á undirliggjandi skattstofni. Hækkun vörugjalda á bensíni, olíu, áfengi og tóbaki, og síðast en ekki síst hækkun almenna hlutfallsins í VSK úr 24,5% í 25,5% eiga sinn þátt í því að tekjur ríkissjóðs af þessum sköttum hafa aukist.

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur nam 44,6 ma.kr. í janúar-maí og jókst um 5,8 ma.kr. á milli ára. Aukningin nemur 14,9% að nafnvirði og 3,5% að raunvirði. Virðisaukaskattur í maímánuði nam 3,9 ma.kr. en hann kemur að mestu af innflutningi fyrir mánuðina mars og apríl. Reglum um greiðsludreifingu virðisaukaskatts af innflutningi var breytt um sl. áramót og er nú heimilt að dreifa greiðslum á tvo mánuði í stað þriggja áður. Það leiddi til þess að innheimtan í mars og apríl varð meiri en ella, en minni í maí. Fyrir utan virðisaukaskatt eru vörugjöld af bensíni og olíu, áfengi og tóbaki stærstu liðir óbeinu skattanna. Þessir skattstofnar dragast enn saman en skila ríkissjóði þó meiri tekjum en á sama tíma í fyrra vegna hækkunar gjaldanna á árunum 2008-2010. Tekjurnar eru einnig talsvert minni en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun fjárlaga fyrir fyrstu fimm mánuði ársins.

Tekjur af tryggingagjaldi eru 54,9% meiri en á sama tíma í fyrra. Skýring þessarar miklu aukningar er sú að hluti atvinnuþryggingagjaldsins í tryggingagjaldinu var hækkaður á miðju ári 2009 úr 0,65% í 2,21% og aftur í byrjun árs 2010, upp í 3,81%, auk þess sem ábyrgðargjald launa var hækkað úr 0,10% í 0,25% í tveimur skrefum. Skil tryggingagjalds í maí eru að mestu vegna launa aprílmánaðar og má áætla að skattstofninn hafi dregist saman um 1,9% í krónum talið í janúar-apríl miðað við sama tímabil 2009. Samdráttur skattstofnsins miðað við fyrra ár hefur varað allt frá því í árslok 2008 en fer nú minnkandi. Af einstökum sköttum er tryggingagjaldið þriðji stærsti tekjustofn ríkissjóðs, á eftir virðisaukaskatti og tekjuskatti einstaklinga, á tímabilinu janúar til maí 2010.

Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 2,3 ma.kr. á fyrstu fimm mánuðum ársins og jukust um 20,8% frá sama tíma í fyrra. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur og fjárframlög) námu 13,7 ma.kr. Hér er einkum um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu.

Greidd gjöld námu 212,7 ma.kr. og jukust um 3,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 1,7%. Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 10,4 ma.kr. milli ára. Óregluleg útgjöld jukust um 1,3 ma.kr. milli ára sem útgjöld vegna ríkisábyrgða skýra að öllu leyti. Útgjöld til menntamála jukust um 741 m.kr. á milli ára sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna skýra að mestu. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála dragast saman um 4,4 ma.kr. milli ára þar sem framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra 2,9 ma.kr. Útgjöld til heilbrigðismála dragast saman um 1,8 ma.kr., útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 1,4 ma.kr. og útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála um 1,3 ma.kr. króna milli ára. Útgjöld til annarra málaflokka breytast minna en þessi sem upp hafa verið talin.

Gjöld ríkissjóðs janúar-maí 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2008	2009	2010	2009	2010
Almenn opinber þjónusta	23.147	41.639	52.456	79,9	26,0
Þar af vaxtagreiðslur	7.630	23.550	33.916	208,7	44,0
Varnarmál	620	601	614	-3,1	2,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	7.898	7.838	7.700	-0,8	-1,8
Efnahags- og atvinnumál	20.106	24.687	20.164	22,8	-18,3
Umhverfisvernd	1.359	1.700	1.579	25,1	-7,1
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	222	263	272	18,2	3,7
Heilbrigðismál	40.865	48.298	46.544	18,2	-3,6
Menningar- íþróttar- og trúmál	7.454	8.165	6.871	9,5	-15,8
Menntamál	17.983	19.832	20.572	10,3	3,7
Almannatryggingar og velferðarmál	36.040	51.413	49.994	42,7	-2,8
Óregluleg útgjöld	3.389	4.690	5.949	38,4	26,9
Gjöld alls	159.083	209.123	212.715	31,5	1,7

Lánsfjárfjöfndur ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfndur var neikvæður um 42 ma.kr. sem er 10,4 ma.kr. verri staða en á sama tíma í fyrra. Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 72 ma.kr. og voru þær vegna innlendra skulda. Aðallega er um að ræða innlausn ríkisbréfa á gjalddaga í mars. Heildar lánsfjárfjöfndur ríkissjóðs var því 114 ma.kr. Innlendar lántökur námu 95 ma.kr. þar sem seld voru óverðtryggð ríkisbréf fyrir 84,4 ma.kr. og verðtryggð ríkisbréf fyrir 16,6 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði um 6 ma.kr. Innlend fjármögnun hefur gengið vel það sem af er árinu og kjör ríkissjóðs verið með ágætum. Útgáfa ríkisverðbréfa er 13,4 ma.kr. umfram áætlanir á fyrstu fimm mánuðum ársins. Staða ríkissjóðs í Seðlabanka lækkaði um 24,5 ma.kr. á tímabilinu.